

Fundargerð símafundar stjórnar samtakanna Landsbyggðin lífi, 21. nóvember 2024 kl. 20:30

Mættir: Sigríður Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Hildur Þórðardóttir, Björgvin Hjörleifsson, Vigfús Ingvar Ingvarsson og Helga Guðný Kristjánsdóttir. Þegar nokkuð var liðið á fundinn bættist Hafrún Káradóttir við og loks Guðrún Gísladóttir.

Dagskrá:

1. RPCG yfirlýsingin frá ERCA: Ekki virðist ástæða til að gera athugasemdir við þessa yfirlýsingu. Hún varðar okkur takmarkað en eitthvað í henni mætti kannski nýta í stefnumótun okkar.
2. Samstarfsjóður EFTA landanna (Active citizens foundation): Fyrirspurn barst um hvort við værum jákvæð ef leitað væri til okkar í sambandi við þátttöku í verkefnum. Því má svara jákvætt. Mikið fjármagn frá EFTA-löndum fer í að efla lýðræðislega þátttöku í nokkrum löndum þar sem þörf er talin á.
Við varla verið með styrki úr þessum sjóði. Ættum við að leita eftir stuðningi til að vinna innan lands – skoða það þegar kosningahríðin er búin.
3. Íbúalýðræði (Nordregio): Hvernig getum við hvatt stjórnámálamenn til að styðja það. Fjórir hafa svarað haft samband, 3 svarað fyrirspurnum okkar en einn spurði um hvenær þyrfti að vera búin að svara. Stefanía talar um hvað íbúalýðræði sé og um /heimastjórnir / hverfastjórnir. Oft er ekki samráð milli íbúasamtaka og sveitarstjórna fyrr en búin er að taka ákvarðanir. Hefur Nordregio rannsakað íbúalýðræði á Íslandi?
4. „Finnska verkefnið“ Coming, Living, Staying (Koma, búa, setjast að í dreifbýli Evrópu): Norðurþing vísar þessu frá – eru að fara í annað verkefni. Hildur talaði við Ingu Þorvaldsdóttur, fulltrúa sveitarstjóra á Seyðisfirði. Mikil andstaða við fiskeldið í Seyðisfirði – en virðist ekki skipta neinu máli. Sjúkvíaeldið almennt áhættusamt. Gengið er á lögbundin rétt umhverfisins. Stefnt er á að sækja sameiginlega í Nordplus um styrk og þá einnig vegna innanlandsvinnu. Talað hefur verið við konu í Möðrudal. Helga hefur heyrt í konu á Suðureyri, þarf að fylgja eftir – kannski með veffundum til að útskýra verkefnið.
5. HNSL (Norðurlandasamstarfið) – veffundur 28. nóvember n.k.: Ekki staðarfundur fyrr en væntanlega í janúar – líklega í Danmörku.
6. Önnur mál (jöklasýningin og sýningin *Árnar þagna í Noregi*). Kvikmyndin *Árnar þagnar í Noregi* var sýnd í Háskólabíói Alvarlegt ástand Atlantshafslaxins – eldislaxinn kominn til að vera. Stefanía talar um bráðnun jökla en sýning um það efni var í Norræna húsinu.

Hildur segir frá hugmynd úr pólitíkinni um einstaklingsgreiðslur sem nota má í íþróttalífa- lista- menningar- og félagsstarf – frá Lýðræðisflokknum.

Fundi slitið 22:30

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði